Fimmtudaginn 22. október 1992.

Nr. 157/1992. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Petru Sigríði Gunnarsdóttur
(Ólafur B. Árnason hrl.).

Þjófnaður. Skaðabótakröfu vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 19. mars 1992 að ósk ákærðu, en einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar á refsingu. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti krafðist ákæruvaldið „staðfestingar hins áfrýjaða dóms, að því er varðar refsiákvörðun, en jafnframt frávísunar á skaðabótakröfu og niðurstöðu dóms um skaðabætur".

Kröfur ákærðu eru hinar sömu og kröfur ákæruvalds hér fyrir dómi.

Eins og kröfugerð ákæruvaldsins er háttað, verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur um annað en skaðabótakröfur Heyrnleysingjaskólans. Þær eru eigi studdar nokkrum gögnum, og ber því að vísa þeim frá héraðsdómi.

Kröfugerð ákæruvalds og ákærðu fyrir Hæstarétti er samhljóða og beinist eingöngu að því, að vísað verði frá héraðsdómi bótakröfu, sem héraðsdómari tók til greina, án þess að nokkur gögn henni til stuðnings lægju fyrir, eins og fyrr segir. Með hliðsjón af þessu þykir rétt, að áfrýjunarkostnaður málsins falli á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Ólafs Birgis Árnasonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um refsingu ákærðu, Petru Sigríðar Gunnarsdóttur, og sakarkostnað.

Skaðabótakröfu Heyrnleysingjaskólans er vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu fyrir Hæstarétti, Ólafs Birgis Árnasonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Akureyrar 14. febrúar 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. janúar sl., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir sakadómi Akureyrar með ákæru, út gefinni 17. janúar 1992, á hendur Petru Sigríði Gunnarsdóttur, Háteigi, Akureyri, fæddri 18. ágúst 1973, fæðingarnúmer 562, „fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt sunnudags 21. júlí 1991 brotist inn í Heyrnleysingjaskólann í Vesturhlíð í Reykjavík í félagi við X og Y, unnið þar spjöll og stolið símtæki, hljóðnema, magnara og segulbandi.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar".

Ákærða hefur hér fyrir dóminum játað brot sitt, eins og því er lýst í ákæru, og er sú játning hennar í samræmi við framburð hennar fyrir lögreglu og önnur gögn málsins. Telst sök hennar því nægjanlega sönnuð, og varðar brotið við 244. gr. alm. hgl. nr. 19, 1940, svo sem í ákæru greinir.

Ákærða hefur samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins sætt refsingum sem hér segir:

Nr. 28 Ákærufrestun, skb. 2 ár frá 25.1. 1990, f. brot g. 244. gr. alm. hgl.

1990 21.6. Fíkniefnadómur. Nr. 3837. Sátt: 18.000 kr. sekt f. brot g. l. nr. 65, 1974, um áv. og fíkn. og rg. nr. 16, 1986.

1991 1.8. Eyjafjarðars., Aey. Sátt: 20.000 kr. sekt f. brot g. 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umfl. Svipt ökul. 12 mán. frá 1. 8. 1991.

1991 8.8. Eyjafjarðars., Aey. Dómur: Ákvörðun refsingar frestað, skb. 2 ár, f. brot g. 244. gr. alm. hgl.

Til viðbótar framangreindu var ákærða dæmd hér í sakadómi Akureyrar í 30 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, 12. nóvember 1991.

Refsing ákærðu samkvæmt 60. og 78. gr. alm. hgl. nr. 19, 1940, þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 45 daga, en rétt þykir, að fullnustu refsingar verði frestað og hún falli niður að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. alm. hgl. nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Í málinu liggur fyrir bótakrafa, að fjárhæð 490.000 kr., frá Heyrn-

leysingjaskólanum. Ákærða hefur vefengt fjárhæð kröfunnar, en fallist á að greiða sanngjarnar bætur. Krafan þykir nægjanlega rökstudd í skjölum málsins, og ber að dæma ákærðu til greiðslu hennar. Þá ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Ákærða, Petra Sigríður Gunnarsdóttir, sæti fangelsi í 45 daga, en fullnustu refsingar skal fresta og hún falla niður að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. alm. hgl. nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærða greiði Heyrnleysingjaskólanum 490.000 kr. í skaðabætur.

Ákærða greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.